



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 10. desember 2013.


Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlunar, 89. mál, þingmannatillaga.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 7. nóvember sl. þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlunar, 89. mál á 143. löggjafarþingi.

Í tillögunni felst að fela heilbrigðisráðherra í samvinnu við félags- og húsnæðisráðherra að móta geðheilbrigðisstefnu og gerða aðgerðaráætlun þar sem fram komi greining á núverandi þjónustu á þessu sviði, hvar þörfin sé brýnust fyrir þjónustuna og hvernig megi mæta henni ásamt stefnumótun til framtíðar. Ráðherra leggi slíka áætlun fram á vorþingi 2014.

LÍ telur jákvætt að ráðist verði í þá vinnu sem tillagan gerir ráð fyrir. LÍ telur á hinn bóginn að gefa þurfi þessari vinnu mun rýmri tímaramma en tillagan gerir ráð fyrir. Þá telur LÍ mikilvægt að vinnan verði unnin í nánú samstarfi við þá aðila sem best þekkja til þjónustu á þessu sviði, s.s. Geðlæknafélag Íslands.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,


Þorbjörn Jónsson,
formaður.